



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 143/988
komudagur 7.2.2014

Búðardal, 7. febrúar 2014
1402005 SP

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði 250. mál lagafrumvarp 143. löggjafarþingi 2013—2014

Á fundi í Borgarnesi 6. febrúar sl. hlýddu fulltrúar Dalabyggðar á kynningu innanríkisráðherra á fyrirhuguðum breytingum á skipan umdæma embætta sýslumanna og lögreglu.

Breytingar hafa verið lengi í undirbúningi og hafa íbúar Dalabyggðar þegar upplifað mögulegar hliðarverkanir þeirra. Með lögum nr. 46/2006 var sýslumanninum í Borgarnesi falin lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Búðardal og á síðasta ári var sýslumanninum í Stykkishólmi falið að gegna verkum sýslumannsins í Búðardal samhliða sínu embætti.

Frá hruni íslenska hagkerfisins hafa íbúar Dalabyggðar þurft að verja lögregluvarðstöð í Búðardal og stöðu lögregluþjóns með búsetu í Dalabyggð. Í ársbyrjun 2011 var þáverandi innanríkisráðherra færðar undirskriftir 1368 aðila þar sem áformum um að leggja niður starfið í Búðardal og loka varðstofunni var mótmælt. Fallið var frá áformunum í það skiptið en fræjum vantrausts var sáð og því ekki óeðlilegt að Dalamenn taki yfirlýsingum um óbreytta eða betri þjónustu með fyrirvara.

Athugasemdir við einstaka greinar.

2. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar gerir ekki athugasemdir við að landinu verði skipt í 9 umdæmi og telur eðlilegt að Vesturland verði eitt umdæmi enda verði tryggt að áfram verði starfrækt skrifstofa sýslumanns í Búðardal og íbúar Dalabyggðar njóti þar með áfram sömu þjónustu og verið hefur.

4. gr.

Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið um flutning verkefna til sýslumannsembætta og telur þau vel til þess fallin að skjóta stöðum undir rekstur skrifstofa sýslumanns í nánd við íbúa landshlutans svo sem verið hefur.

7. gr.

Sveitarstjórn fagnar áformum um reglulegt samráð við sveitarféllög um fyrirkomulag og samræmingu opinberrar þjónustu.

9. gr.

Sveitarstjórn er fylgjandi því að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um staðsetningu aðalskrifstofa og annarra sýsluskrifstofa þannig að slíkar ákvarðanir séu ekki háðar duttlungum sýslumanna á hverjum tíma.

Þróingarátt
SVEITARSTJÓRN
Sveinn Pálsson
DALABYGGÐAR
Sveitarstjórn

Afrit: Innanríkisráðuneyti, Alþingismenn NV